



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/1430*  
*komudagur 4.4.2014*

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi - nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 4. apríl 2014

1403062SA PBJ  
Málalykill: 401

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi, 319. mál**

Vísað er til tölvupósts dags. 21. mars 2014 þar sem óskað var umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um ofangreint frumvarp.

#### **Almennt um frumvarpið**

Fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að markmið frumvarpsins sé m.a. einföldun og aukin skilvirkni í leyfisveitingum vegna fiskeldis og jafnframt að ná fram aukinni skilvirkni og hagkvæmni í eftirliti með starfsemi. Sambandið telur þau ákvæði frumvarpsins sem byggja á framangreindu markmiði jákvæð og til þess fallin að bæta umgjörð starfseminnar, bæði fyrir þá sem starfa innan greinarinnar og þá sem standa að leyfisveitingum og sinna eftirliti.

Hvað varðar þau ákvæði frumvarpsins sem miða að því að hafa betri stjórn á fiskeldi, leyfisveitingum og umfangi leyfa þá er það umhugsunarefni að það sé gert án þess að aðkoma sveitarfélaga að málum sé tryggð. Sambandið hefur undanfarin misseri bent á mikilvægi þess að huga að skipulagi á haf- og strandsvæðum og í því tilliti sé eðlilegt að sveitarfélög hafi skipulagsvald lengra frá landi en sem nemur netlögum. Hefur verið nefnt að æskilegt væri að lögsaga sveitarfélaga næði eina sjómílu út frá grunnlínu. Skýrsla Skipulagsstofnunar um skipulag haf- og strandsvæða sem gefin var út í febrúar sl. var unnin að beiðni stjórnvalda og er ætlað að vera liður í undirbúningi fyrir vinnu við lagafrumvarp um haf- og strandsvæðaskipulag.

Að mati sambandsins er ákveðinn galli að ekki sé lagt fram samhliða frumvarpi þessu frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða. Eftirfarandi athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins taka þó mið af þessari stöðu. Að mati sambandsins er nauðsynlegt að tryggja aðkomu sveitarfélaga að ákvarðanatöku um fiskeldi og önnur málefni sem varða haf- og strandsvæði, a.m.k. með umsagnarhlutverki, þar til lögfest hafa verið ákvæði um skipulag þessara svæða, lögsögu sveitarfélaga og önnur grundvallaratriði. Það liggur þó fyrir að nú er að hefjast vinna við mótun laga um skipulag haf- og strandsvæða, sbr. frétt þess efnis á vef umhverfis- og auðlindaráðuneytisins þann 27. mars sl.

Sambandið telur hugmyndir Fjórðungssambands Vestfirðinga (FV) sem fram koma í umsögn FV um frumvarpið áhugaverðar. Þær lúta að því að gerðar verði ákveðnar breytingar á frumvarpinu í þá veru að tryggja aðkomu



sveitarfélaga að ákvörðunum stjórnvalda en þó þannig að haldið sé í markmið um einföldun ferla og aukna skilvirkni við leyfisveitingar og eftirlit í stjórnsýslu. Sú leið sem þar er nefnd er að innan skilgreinds fiskeldissvæðis starfi samstarfsnefnd sveitarfélaga sem starfi samkvæmt ákvæðum skipulagslaga um gerð svæðisskipulags. Það fyrirkomulag verði við lýði þar til sett hafa verið lög um skipulag haf- og strandsvæða. Sambandið telur ástæðu til að skoða tillögu FV vandlega.

#### **Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins**

**4. gr.** Gert er ráð fyrir að áður en rekstrarleyfi skv. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 71/2008 er veitt þá skuli „Matvælastofnun afla umsagnar Fiskistofu, veiðimálastofnunar, Hafrannsóknarstofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar eftir því sem við á um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldisstöðvar eða fyrirhugaðar eldistegundir, eldisstofnar eða eldisaðferðir gefi tilefni til neikvæðra vistfræði- eða erfðafræðiáhrifa sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi.“

Sambandið bendir á að þarna kemur vel fram þörfin á að fyrir liggja stefna um nýtingu haf- og strandsvæða þannig að umsagnir sem veittar yrðu á grundvelli 2. mgr. 7. gr. taki mið af stefnu um nýtingu á viðkomandi svæði í stað þess að umsagnir séu veittar eingöngu með hliðsjón af þeirri starfsemi sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir í hvert og eitt skipti.

**8. gr.** Greinin mælir fyrir um tilteknar breytingar á 14. gr. laganna. Samkvæmt c.-lið skal ný málsgrein bætast við 10. gr. um eftirlitsverkefni Matvælastofnunar sem Umhverfisstofnun er falið samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, á grundvelli þjónustusamnings við Umhverfisstofnun. Þá skal nánar mælt fyrir um umfang og tilhögun eftirlits og gerð og efni þjónustusamnings í reglugerð sem ráðherra setur.

Sambandið bendir á að hjá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga, t.d. á Vestfjörðum og Austurlandi, starfa einstaklingar með sérstaka þekkingu á fiskeldi. Æskilegt væri að nýta þá sérþekkingu og hvetur sambandið eindregið til þess að Matvælastofnun geri samninga við heilbrigðisnefndir sveitarfélaga um framkvæmd tiltekinna þátta í eftirliti með fiskeldi.

**10. gr.** Í frumvarpinu er mælt fyrir um breytingu á orðalagi 1. mgr. 15. gr. laganna. Í núgildandi ákvæði er mælt fyrir um heimild Fiskistofu til að fella rekstrarleyfi úr gildi ef fiskeldisstöð hefur ekki, innan 24 mánaða frá útgáfu rekstrarleyfis, hafið starfsemi í samræmi við rekstraráætlun. Í 10. gr. frumvarpsins er lagt til að lengri frestur verði veittur og þannig geti Matvælastofnun fella rekstrarleyfi úr gildi ef fiskeldisstöð hefur ekki hafið starfsemi innan þriggja ára frá útgáfu rekstrarleyfis. Í athugasemdum í greinargerð með 10. gr. er þó ekki skýrt af hverju sú breyting er lögð til. Víða er mikil ásókn í að koma á fót fiskeldisstöðvum og þarf að mati sambandsins að rökstyðja það sérstaklega ef talin er ástæða til að veita aðilum rýmri frest en tvö ár, eins og orðað er í núgildandi lögum, til að hefja starfsemi.

**11. gr.** frumvarpsins mælir fyrir um breytingar á 19. gr. laganna sem gerir ráð fyrir að Matvælastofnun geti veitt rekstrarleyfishafa undanþágu til flutnings á eldistegundum, sem ekki eru tilgreindar í rekstrarleyfi, milli fiskeldisstöðva ef



ástæður mæla ekki gegn slíku. Gert er ráð fyrir að Matvælastofnun skuli áður leita umsagnar Fiskistofu og Hafrannsóknarstofnunar eða Veiðimálastofnunar um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldisstöðvar eða strandsvæði gefi tilefni til neikvæðra vistfræðilegra áhrifa. Sambandið telur að ástæða sé til að gera í þessum tilvikum einnig ráð fyrir umsagnarhlutverki viðkomandi sveitarfélags líkt og gert er áður en rekstrarleyfi eru veitt.

**12. gr.** Sambandið telur það jákvætt skref að stofnaður verði sérstakur umhverfissjóður um fiskeldi sem hafi það að markmiði að lágmarka umhverfisáhrif sjókvíaeldis. Sambandið leggur áherslu á að tryggð verði aðkoma nægilega breiðs hóps að slíkum sjóði, s.s. sveitarfélaga og þeirra sem standa að rannsóknum í greininni, í ljósi markmiðs um að lágmarka umhverfisáhrif sjókvíaeldis. Í því skyni ætti að skoða að fjölga fulltrúum í stjórn sjóðsins um einn eða tvo.

**14. gr.** gerir ráð fyrir að við 24. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, bætist ný málsgrein: „Umhverfisstofnun skal gera þjónustusamning við Matvælastofnun um að Matvælastofnun sinni afmörkuðum þáttum eftirlits Umhverfisstofnunar með fiskeldi. Nánar skal kveðið á um umfang og tilhögun eftirlits og gerð og efni þjónustusamnings í reglugerð sem ráðherra sem fer með málefni fiskeldis setur.“ Meðal markmiða frumvarpsins er einföldun eftirlits með fiskeldi og ákvæðinu er ætlað að stuðla að einföldun. Hér skal þó vísað til ábendingar við 8. gr. frumvarpsins um möguleika Matvælastofnunar á að gera þjónustusamninga við heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, í ljósi þeirrar sérþekkingar sem þar er til staðar á fiskeldi.

**16. og 17. gr.** Um þessar greinar vísast til athugasemdar við 10. gr. frumvarpsins. Sterk rök þarf til þess að taka svæði frá með þeim hætti sem hér er lagt til í þrjú ár og ætti að álit sambandsins frekar að miða við tvö ár.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason  
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs